

Ræða Illuga Jökulssonar á Austurvelli 29. nóv 2008

Í gærkvöldi, þá gengu fleiri kvíðnir og hræddir til sængur heldur en kvöldið áður. Það voru þeir sem fengu uppsagnarbréfin sín í gær.

Og núna í morgun hafa fleiri vaknað með hnút í maganum en í gær. Sumir hafa kannski alls ekki sofið, af áhyggjum: “Hvað á ég að gera, hvernig á ég að sjá fyrir börnunum mínum, hvernig fer þetta allt saman?”

Mörg hundruð í gær, mörg þúsund um síðustu mánaðamót, og því miður eflaust mörg þúsund til viðbótar eftir áramót – þetta eru þeir sem missa vinnuna.

Og af hverju? Hvað hefur þetta fólk til saka unnið?

Stóð það sig illa í vinnunni? Gerði það eitthvað af sér?

Nei, það gerði ekkert af sér. Þetta er gott og heiðarlegt íslenskt fólk sem hefur mætt til vinnu sinnar fullt af samviskusemi, fullt af lífsgleði, fullt af áhuga – fólk sem hefur lagt sig fram og lifað sínu lífi af heiðarleika.

Nú horfir þetta fólk framan í börnin sín og veit ekki hvernig þetta endar.

En það er alla vega ekki þeim að kenna. Hlustið ekki á raddir sem segja: “Öll þjóðin ber ábyrgðina. Öll þjóðin lifði um efni fram. Öll þjóðin tók þátt í sukkinu og svínaríinu.”

Það er ekki satt!

Sumir urðu aldrei varir við neitt góðæri. Aðrir tóku kannski þátt í hluta þess, af því þeir treystu orðum ráðamanna, þessara manna sem sögðu að þetta væri allt í lagi – grunnurinn væri svo traustur – nýfrjálshyggja valdaklíkunnar í Sjálfstæðisflokknum væri hið eina rétta guðspjall.

Það var kannski okkar eini glæpur að hafa verið hálfpartinn farin að trúá því.

En samkvæmt því guðspjalli hafði verið sleppt lausum skefjalausustu kapítalistum sögunnar – mönnum sem fljótlega urðu peningasjúkir. Og undir lófaklappi ráðamanna, hvattir áfram af frjálshyggjupostulum Sjálfstæðisflokksins og forpokuðum spillingaröflum Framsóknarflokksins, undir húrrahrópum ríkisstjórnarinnar og meira að segja sjálfs forsetans, þá settu þeir landið á

hausinn.

Þess vegna er gott og heiðarlegt fólk á Íslandi nú að missa vinnuna.

Þess vegna gæti heil kynslóð Íslendinga tapast í nýrri útrás – nauðugri útrás landflótta fólks, sem sér ekki framtíð sína hér – ekki síst af því hér er allt við það sama.

Sömu menn og leyfðu útrásarvíkingunum að setja okkur á hausinn.

Já, þessir menn sem beinlínis hvöttu þá áfram í græðgi sinni, og eiga kannski þegar upp verður staðið ennþá meiri sök en sjálfir peningamennirnir.

Þessir sömu menn í ríkisstjórn og Seðlabanka sem kæfðu í fæðingu öll aðvörunarorð; þessir menn sem harðneituðu okkur um alla raunverulega umræðu um kosti í peningamálum – því “Íslenska krónan, hún er svo traust, maður!”

Já, traust eða hitt þó heldur!

En það eru þessir sömu menn sem enn véla um framtíð okkar. Og við viljum það ekki! Hvenær ætla þessir menn að skilja að við viljum það ekki? Og það erum við sem erum að tapa sparifé, við sem erum að missa vinnuna, við sem erum að missa æruna, við sem göngum kvíðin og hrædd til sængur á kvöldin – svo við viljum hafa eitthvað um þetta að segja.

Síðan bankahrunið varð fyrir tveim mánuðum höfum við borgað þremur bankastjórum Seðlabankans um það bil níu milljónir króna í laun. Í tvo mánuði, níu milljónir.

Allt þetta ár fær fjölskylduhjálpin eina og hálf milljón, frá ríkinu. Það mun mæða mikið á henni á næstunni.

Ætli það sé mikil huggun þeim sem þurfa að leita til fjölskylduhjálpar á næstunni að þeir Seðlabankastjórnarnir Eiríkur, Ingimundur og Davíð fái sínar milljónir samviskusamlega um hver mánaðamót?

Og hvað þurfa margir að missa vinnuna, þurfa kannski tugþúsundir að missa vinnuna, til þess að eitthvað verði hróflað við atvinnuöryggi svo mikið sem eins manns hjá Fjármálaeftirlitinu?

Sem hefði þó fyrir löngu átt að vera búið grípa í taumana!

Og þarf kannski þriðjungur þjóðarinnar að flýja land áður en leifar Sjálfstæðisflokksins horfast í augu við að nú verður flokkurinn að fara í langt frí frá landstjórninni, og nú verður að kveða niður litlu ljótu frjálshyggjuklíkuna?

Og þarf kannski slagmál á götunum áður en Alþingi áttar sig á því að við viljum fá algjöra umbyltingu á því trénaða spillingargreni sem þar hefur ríkt innan dyra – það gengur ekki lengur undirlægjuhátturinn við valdaklíkurnar, nú verður að skera allt kerfið upp, og skurðarhnífurinn heitir siðferði.

Gott fólk. Við munum komast í gegnum þetta.

Ég skal lofa ykkur því hér og nú: Við munum komast í gegnum þetta.

Það mun aftur renna upp sá morgun að við getum vaknað án þess það sé kvíðahnútur í maganum; það mun aftur líða sá dagur að við getum unnið okkar störf og leikið okkur við börnin okkar án þess að hafa áhyggjur af lífsviðurværinu; það kemur aftur það kvöld að við getum lagst á koddann og lagt aftur augun við hlið ástvina okkar án þess að síðasta hugsunin snúist um peninga.

Ég segi ykkur: Við munum komast í gegnum þetta. Það verður erfitt, en það mun takast.

En við skulum gera það án þeirra.

Við skulum gera það án allra þeirra sem steyptu okkur út í þessi vandræði.

Við skulum gera það án nýfrjálshyggjumannanna, við skulum gera það án litlu ljótu valdaklíkunnar sem hefur legið á okkur eins og mara.

Við skulum gera það án þess spillta flokksræðis sem hefur haft alvöru lýðræði í þessu landi að háði og spotti.

Við skulum gera það án þeirra sem jafnvel núna standa fyrst og fremst í drullugu valdapotí inní bakherbergjunum; skítt með þá sem missa vinnuna, skítt með þá sem tapað hafa sparnaði sínum, bara ef þeir geta varið sínar valdastöðvar og launin sem þeir fá frá okkur.

Við skulum gera það án þess hugarfars að hagsmunir flokksbrodda, klíkubræðra

og auðkýfinga vegi þyngra en hagmunir almennings í landinu.

Við skulum gera það án þeirra sem við treystum fyrir fjöreggi okkar en moluðu það mélinu smærra.

Við skulum gera það án þeirra sem sjá ekki eða þykjast ekki sjá að það að fela sömu aðilum endurbyggingu landsins og keyrðu það í svaðið, það er eins og að fela morðingjanum morðrannsóknina.

Við skulum gera það án þeirra sem hæðast að örvinglan okkar og reiði.

Við skulum gera það án þeirra, fyrir alla muni skulum við gera það án þeirra, við skulum gera það sjálf.

Illugi Jökulsson